

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, ÖS).

1. 2. gr. falli brott.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
 3. másl. 1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo: Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald í samræmi við grein þessa og nánari ákvæði um meginreglur og viðmiðanir í reglugerð sem ráðherra setur skv. 119. gr.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Í stað „320.616 kr.“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 325.130 kr.
4. Við 6. gr. er verði 7. gr.
 - a. Við bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: Við 90. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Ríkisskattstjóri getur árlega ákveðið að höfðu samráði við skattstjóra að tilteknir lögaðilar aðrir en dánarbú, svo sem stórfyrirtæki, félög með eignatengsl milli landa eða skattumdæma svo og aðrir skattaðilar sem skattstjórar tilnefna skuli skila framtölum til ríkisskattstjóra og vera skattlagðir af honum.
 - b. Á eftir 1. efnismgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar sameignarfélag eða einkahlutafélag er að fullu í eigu annars skattaðila eða hann er ráðandi eignaraðili í því getur ríkisskattstjóri vikið frá ákvæðum 1.–4. mgr. um framtals- og skattlagningarstað.
5. Á eftir 7. gr. er verði 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við 101. gr. bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Ríkisskattstjóri annast skattlagningu og eftirlit með þeim skattaðilum sem hann ákveður að skili til hans framtölum, sbr. 3. mgr. 90. gr.
6. Við 8. gr. er verði 10. gr. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 101. gr.“ í 3. mgr. kemur: sbr. 4. mgr. 101. gr.
7. Á eftir 8. gr., er verði 10. gr., komi ný grein, svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. A laganna:

 - a. Í stað orðanna „4. mgr. 101. gr.“ í 2. mgr. kemur: 5. mgr. 101. gr.
 - b. Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 101. gr.“ í 6. mgr. kemur: sbr. 4. mgr. 101. gr.
8. Við 12. gr. er verði 15. gr. Greinin orðist svo:

116. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri skal árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum, frádrætti og eignum sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum um meginreglur og viðmiðanir í reglugerð sem fjármálaráðherra setur skv. 119. gr.

Prentað upp á ný.